



**Hraðatakmarkandi aðgerðir. Berglind Hallgrímsdóttir. Efla hf. -
október 2022.**

Ágrip skýrsluhöfundar:

Markmiðið með þessari rannsóknarskýrslu var að taka saman upplýsingar um helstu hraðatakmarkandi aðgerðir sem notast er við, virkni þeirra til hraðlækkunar og í sumum tilfellum tæknilegar upplýsingar.

Þær hraðatakmarkandi aðgerðir sem virka hvað best eru hraðahindranir. Til þess að geta náð að halda meðalhraða um og undir 30 km/klst. er mælt með hraðatakmarkandi aðgerðum á um 75 m fresti.

Aðrar aðgerðir geta líka virkað til hraðalækkunar en betri árangur fæst með samþættingu þeirra með hraðahindrunum. Hraðavaraskilti við skóla virðast bera árangur til hraðalækkunar, þó áhrifanna gæti ekki yfir lengri vegkafla.